

Nr. 19-037 S 026 Petra ÓF 88***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2668
Útgerð: Víkurver ehf.
Smíðaður: Seigla, 2005, trefjaplast.
Stærð: 9,03 brl. 9,18 bt.
Mesta lengd: 9,99 m *Skráð lengd:* 9,97 m
Breidd: 2,98 m *Dýpt:* 1,33 m
Vél: Cummins 187 kW, 2002
Fjöldi skipverja: 1



Petra © Haraldur Hermannsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. febrúar 2019 var Petra ÓF 88 á línuveiðum við Siglunes. Veður: Hægviðri.

Skipverji var að draga þegar línan hrökk upp úr línuskífunni og krókur húkkaðist í lófann á hægri hendi hans.

Við rannsókn kom fram:

- að línan festist í botni og mikið átak kom á hana en við það spýttist hún upp úr línuskífunni og rann út;
- að taumurinn á króknum slitnaði;
- að hann leitaði til læknis til að fjarlægja krókinn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Nefndin hvetur sjómenn sem eru á veiðum með króka að hafa um borð krafttangir sem geta klippt þá í sundur.